

Byggðasafn Dalamanna

Ársskýrsla 2009

Opnunartímar

Safnið var opið tvo daga í tengslum við Jörfagleði í apríl. Í júlí var safnið opið laugardagana 11. og 18. júlí og síðan daglega á tímabilinu 25. júlí til 16. ágúst. Safnið var opið frá 13⁰⁰-17⁰⁰. Samtals opið almenningi í 26 daga, auk þess opnað var fyrir hópa.

Aðsókn

Frá apríl til ágúst eru skráðar 149 heimsóknir á safnið, en þess var vandlega gætt að ritað væri í gestabókina. Stór hluti safngesta komu úr Dalasýslu eða áttu ættir sínar að rekja héðan. Aldursdreifing var frá þriggja mánaða til 92 ára.

Aðsókn í sumaropnun hefur bara einu sinni verið lakari frá því að safnið opnaði fyrst 1977 og það var sumarið 2008. Síðastliðið fimm ára tímabil 2005-2009 hefur verið það lakasta í starfsemi safnsins frá upphafi. Bæði hvað varðar aðsókn og starfsemi.

Áhersla var lögð á að safngestir nýttu sér leiðsögn um safnið. Má jafnvel segja að gestir hafi haft lítið val og leiðsögn hafi verið veitt hvort sem fólk vildi eða vildi ekki. En oft á tíðum komu ekki minni upplýsingar um einstaka gripi frá þeim gestum safnsins sem þekktu til þeirra. Voru þær upplýsingar skráðar eftir föngum.

Skólabúðir UMFÍ hafa haft aðgang að safninu undanfarin ár. Skráðar gestakomur á vegum skólabúðanna voru 202. Heildarfjöldi skráðra gesta var því 351.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Enginn fastráðinn starfsmaður var á safninu. Lausráðinn starfsmaður í sumaropnun var Valdís Einarsdóttir. Starfsvið var að taka á móti gestum. En sökum lélegrar aðsóknar var tíminn að stórum hluta notaður til tiltektar á safninu, skráninga í aðfangaskrá, söfnun gagna um safnið og gerð drög að skýrslu um stöðu og framtíð safnsins.

Í október og nóvember var unnið að fyrstu skrefum að endurskipulagningu Byggðasafns Dalamanna í sjálfboðavinnu. Sótt var um ráðningu safnvarðar til eiganda safnsins, Dalabyggðar. Í framhaldi af því var sótt um styrk til Safnasjóðs.

Húsnæði og aðstaða

Aðstaða safnsins er óbreytt og er eins og hún hefur verið síðstliðin 10 ár. Engar endurbætur, minni né stærri, hafa verið gerðar á húsnæði né sýningum. Aðstaða í geymslum óbreytt. Ekkert viðvörðunarkerfi né brunakerfi er á safninu.

Safnkostur

Safninu bárust nokkrar gjafir. Meðal þeirra var gestarúm frá Kleifum ásamt fleiri gripum þaðan. Rúm þetta var smíðað um 1890 í Ólafsdal og því hefur fylgt draugur, en ekki er enn vitað hvort hann kom með rúminu inn á safnið. En við öðrum gripum tóku hinir og þessir við og höfðu skilið eftir á safninu utan opnunartíma. Því þarf að vinna betur að aðfangaskráningu þeirra.

Í aðfangaskrá var skráður hluti af óskráðum munum. En vegna kostnaðar við tímabundnar tengingar við Sarp var ákveðið að fresta skráningum í hann þar til bein netskráning kemst á. Var það gert í samráði við Frosta Jóhannsson, framkvæmdastjóra Sarps.

Ekkert var gert í forvörslu á árinu, en ljóst er að huga þarf fljótlega að forvörslu á nokkrum munum.

Engar rannsóknir voru gerðar á vegum safnsins.

Sýningar

Örlitlar lagfæringar voru gerðar á sýningum safnsins til að bæta aðgengi um safnið og til að verja viðkvæma muni betur. Bætt var inn örfáum gripum og þeir merktir eftir föngum, ásamt sögu þeirra. Að öðru leiti eru sýningar safnsins nánast óbreyttar frá tímum Magnúsar Gestssonar.

Næg verkefni eru framundan hjá Byggðasafni Dalamanna við endurskipulagningu innri starfsemi, skráningar, forvörslu og framsetningu sýninga. Á Byggðasafni Dalamanna er geymdur ómetanlegur fjársjóður um líf og störf okkar Dalamanna, þökk sé óeigingjörnu starfi Magnúsar Gestssonar.